

Fundur fagráðs í nautgriparækt haldinn í Búgarði 1. desember 2010

Mættir:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt
Guðný Helga Björnsdóttir, fulltrúi BÍ, formaður fagráðs
Sigurgeir Hreinsson, fulltrúi LK
Sigurður Loftsson, fulltrúi LK
Þórarinn Leifsson, fulltrúi LK
Magnús B. Jónsson, fulltrúi BÍ

Stuðningsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Gunnar Guðmundsson
Baldur Helgi Benjamínsson
Bragi Líndal Ólafsson
Þorsteinn Ólafsson
Grétar Hrafn Harðarsson (var við síma)
Björn S. Gunnarsson (var við síma)

Forfallaðir:

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, ritari fagráðs

Formaður setti fund og stjórnaði. Fyrir var tekið:

1. Verklagsreglur um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt.

Formaður fór yfir tillögur að reglunum en þær höfðu verið sendar út til fagráðsfulltrúa. Nokkrar umræður urðu um einstakar greinar en að þeim loknum voru þær samþykktar með minni háttar orðalagsbreytingum. (Verklagsreglurnar fylgja fundargerðinni)

2. Fjármagn til ráðstöfunar í þróunarsjóði nautgriparæktar.

Formaður kynnti stöðu þróunarsjóðsins en til ráðstöfunar eru nú kr. 6.297.124,- en auk þess er bundið í loforðum 3.500.000,- til tveggja verkefna sem ekki hafa verið greiddar út. Það upplýstist á fundinum að annað verkefnið fór aldrei af stað og hinu er lokið án þess að leitað hafi verið eftir stuðningi við það. Í ljósi þessa samþykkti fagráð að fella þessa styrki niður og ráðstafa fjármuninum til nýrra verkefna. Heildar ráðstöfunarfé sjóðsins er því 9.797.124,-

3. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktar.

Þrjár umsóknir höfðu borist í þróunarsjóð. Fagráð fjallaði um umsóknirnar og komst að eftirfarandi niðurstöðu varðandi þær:

A) Umsókn LbhÍ, Markvissari fóðrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda. Verkefnisstjóri: Jóhannes Sveinbjörnsson. Sótt er um 2.200.000 ISK

Fagráð í nautgriparækt telur mikilvægt að efla fóðrunarleiðbeiningar í nautgriparækt og fagnar þessu verkefni. Fagráðið leggur áherslu á að tengja verkefnið fóðurmatskerfinu

NorFor sem nú er verið að innleiða. Tillaga um að verkefninu verið veittur styrkur að upphæð 2.000.000 ISK samþykkt samhljóða.

B) Umsókn LbhÍ, Dauðfæddir kálfar II. Verkefnisstjóri: Grétar Hrafn Harðarson. Sótt er um upphæð 2.200.000

Fagråd í nautgriparækt telur mikilvægt að halda áfram rannsóknum á vandamálum varðandi dauðfædda kálfa og mælir með að verkefnið verði styrkt. Tillaga um að verkefninu verði veittur styrkur að upphæð 2.000.000 samþykkt samhljóða.

C) Umsókn Áhugafólks um heimafóðrunarverkefnið í samvinnu við nokkur Búnaðarsambönd. Verkefnisstjóri: Þórarinn Lárusson. Sótt er um upphæð 1.750.000 ISK.

Verkefnið er að mati Fagráðs um margt áhugavert en ekki er augljóst um notagildi þess hvað varðar nautgriparæktina. Fagråd taldi nauðsynlegt að fá skýrari greiningu á gildi verkefnisins fyrir fóðrun mjólkurkúa og annarra nautgripa. Í ljósi þessa var afgreiðslu verkefnisins frestað til næsta fundar og tíminn notaður til þess að fá frekari upplýsingar frá umsækjendum

4. Verkefni til að útbúa markmiðsgildi fyrir lykiltölur í rekstri kúabúa.

Erindi frá Landsambandi kúabænda sem óska eftir viðhorfi Fagráðs til þess að koma upp gagnabanka með lykiltölum um rekstur kúabúa sem nýta mætti sem markmiðsgildi í stefnumótunarvinnu LK um framtíðarstöðu nautgriparæktar hér á landi. Jafnframt myndi verkefnið miða að því að finna hvaða leiðir eru vænlegastar í búrekstrinum til að ná markmiðsgildunum. Tillaga LK er að nýta gögn sem undanfarið hafa safnast fyrir í verkefnum sem unnin eru víðsvegar um land s.s. Sunnu-verkefnið, Ráðhildur, Betri Bú, osfrv. og auk þess gögn úr gagnagrunni BÍ ogkoma þeim í samræmdan gagnabanka og vinna síðan markmiðsgildi fyrir greinina á grundvelli þeirra niðurstöðna sem þar er að finna.

Fagråd taldi verkefnið mikilvægt og þá fyrst og fremst til þess að styrkja og efla rekstarleiðbeiningar fyrir kúabændur og mælti með að verkefninu yrði hrundið af stað undir þeim formerkjum og það gæti síðan nýst í stefnumótun LK um framtíð nautgriparæktar.

5. Skil á kýrsýnum og tanksýnum til skýrsluhalds í nautgriparækt.

Kynnt var staðan í samskiptum SAM og BÍ varðandi skil á efnamælingum í skýrsluhaldi nautgriparæktar. Hér er um að ræða tvö mál, annars vegar skil á niðurstöðum kýrsýna og hins vegar skil á niðurstöðum tanksýna.

Hvað kýrsýnin varðar er það fyrst og fremst að koma í veg fyrir þá villuhættu sem enn er í yfirfærslu niðurstöðna efnamælinga frá RM til skýrsluhaldskerfisins **Huppa.is**.

Villuhættan stafar einkum af því að RM notar ekki í öllum tilvikum einkvæm gripanúmer eins og gert er í huppunni. Með samræmdri notkun gripanúmera er unnt að útiloka þessa villuhættu nær alveg og því leggur Fagråd áherslu á að þegar verið hafist handa um að leysa málið og koma á beinum rafrænum gagnasamskiptum milli viðkomandi kerfa.

Hvað tanksýnin varðar þá er búið að loka á afhendingu tanksýna nema að fengnu upplýstu samþykki viðkomandi bónda. Tanksýnin hafa um langt skeið verið notuð til ýmissa leiðréttinga í hinu sameiginlega kynbótatarfi og nú verða þau einnig nauðsynleg

fyrir úrvinnslu fóðrunarleiðbeininga í fóðurmatkerfinu NorFor sem nú er verið að innleiða til eflingar fóðurleiðbeiningum í nautgriparækt. Tillaga hefur komið fram um að í HUPPU verði unnt að veita hið umbeðna leyfi til notkunnar á tanksýnum. Fagráð hvetur til þess að þessu verði komið í framkvæmd sem fyrst og með það skýrum hætti svo ekki fari milli mála að leyfið sé veitt.

6. Ræktunarmálefni.

Magnús B. Jónsson kynnti nokkur mál er varða ræktunarmálefni í nautgriparækt sem nú er á verkssviði Fagráðs eftir að ræktunarhópur þess er aflagður. Hér var fyrst og fremst um kynningu á nokkrum áhersluatriðum sem Fagráði er ætlað að taka til umræðu á næstu fundum þess sem haldnir verða um ræktunarmál. Þessi voru helstu atriðin

1. Skipulag á dreifingu ungnautasæðis
2. Endurskoðun á áherslum í núverandi heildar kynbótaeinkunn
3. Eflingu ræktunaráhuga bænda
4. Verkefni til að bæta ræktunarárangur í nautgriparæktinni

Nokkrar umræður urðu í kjölfar kynningarinnar um málefnið og voru fundarmenn sammála um að efla bæri umræðu um íslenska nautgriparækt og freista þess að efla áhuga bænda á ræktunarstarfsinu.

7. Önnur mál:

7.1 Gunnar Guðmundsson kynnti framvindu í innleiðingu fóðurmatskerfisins NorFor. Búið er að koma á rafrænni tengingu skýrsluhaldskerfisins HUPPU og TINE OPTIor sem er norskur hugbúnaður sérstaklega gerður til fóðuráætlanagerðar fyrir mjólkurkýr og nautgripa í vexti, sem byggir á NorFor fóðurmatskerfinu og sem samið hefur verið um að nýta hér á landi. Helstu vandkvæðin á innleiðingu fóðurmatskerfisins er sú staðreynd að efnagreiningaþjónusta LBHÍ hefur engan veginn staðið við að skila niðurstöðum fyrir þá greiningarþætti heyefnagreininga, sem nýja fóðurmatskerfið krefst, á tilsettum tíma þrátt fyrir ítrekuð loforð þar um. Nú er svo komið að öll sýni sem ætluð eru til að nota í NorFor hafa verið greind erlendis.

Staða málsins kom fulltrúum nokkuð í opna skjöldu en LBHÍ hefur verið í forsvari fyrir og borið ábyrgð á efnagreiningahluta verkefnisins. Fagráð lýsir miklum vonbrigðum með framgöngu LBHÍ í máli þessu og harmar þá stöðu sem upp er komin og að því er virðist slæma nýtingu þeirra miklu fjármuna sem runnið hafa til LBHÍ vegna þessa verkefnis.

7.2. Gunnar Guðmundsson kynnti danskt/sænskt rannsóknarverkefni um nautgriparækt og mögulega aðkomu okkar að því samstarfi. Þrjú verkefni eru sett í forgang sem öll fjalla um hraustari gripa, vistvænni framleiðsluáðstæður og áherslu á hæfniseiginleika og endingu kúnna.

7.3 Sigurður Loftsson ræddi útivist nautgripa og þær kærur sem nokkrum kúabændum voru sendar nýlega. Þorsteinn Ólafsson skýrði afstöðu Matvælastofnunar. Talsverð umræða varð um málið og framgöngu stofnunarinnar í því efni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17.00

Fundargerð ritaði Magnús B. Jónsson (í fjarveru ritara)